

71. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 8. okt. 2009 kl.16 – 17 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Ásdís Ólafsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Ragna Karlsdóttir. Sigríður Baldursdóttir og Lárus Valgarðsson voru erlendis.

Yfirlit yfir fjárhagslega stöðu Alnæmisbarna og framtíðaráætlun

Ingibjörg kom með skriflegt yfirlit yfir fjárhagslega stöðu Alnæmisbarna og kom þar fram að útgjöld Alnæmisbarna á síðasta ári voru einni milljón umfram innkomu félagsins. Lítur út fyrir að slíkt gerist einnig í ár, er þá áætluð inneign félagsins kr. 720.000,- í lok þessa árs. Í þessum útreikningi er gert ráð fyrir að tekjur vegna félagsgjalda og styrkja séu samanlagt kr. 50.000,- á mánuði, en það er sú upphæð sem greidd hefur verið að jafnaði til félagsins í hverjum mánuði á þessu ári, auk tekna vegna sölu í Kringlunni þann 5. des. nk. að upphæð kr. 70.000,-.

Sé fjárhagsleg staða félagsins framreiknuð fyrir árið 2010, miðað við ofangreindar forsendur, eiga Alnæmisbörn akkurat fyrir skólagjöldum þess árs sem er samanlagt um 1 ½ milljón króna. Í þeim útreikningum er gert ráð fyrir áframhaldandi greiðslum félagsgjalda og styrkja með kr. 50.000,- á mánuði og kr. 200.000,- í styrk frá ISOR eins og Alnæmisbörn fengu í febrúar á þessu ári.

Áætlaðar tekjur árið 2010 eru því eftirfarandi:

- inneign félagsins í árslok 2009 kr. 720.000,-
- félagsgjöld og styrkir árið 2010 kr. 600.000,-
- styrkur frá ISOR á næsta ári kr. 200.000,-

- Samanlagt kr. 1.520.000,-

Inn í þessarri upphæð er ekki um kr. 280.000,- sem er í svokölluðum kertasjóði Alnæmisbarna.

Áætluð útgjöld árið 2010 er eftirfarandi:

- Skólagjöld kr. 500.000,- á önn í 3 annir samanlagt kr. 1.5 milljónir

- Auk þessa eru lægri greiðslur vegna ýmissa annarra þátta eins og vistunar heimasíðu Alnæmisbarna og CLF, bankakostnað vegna greiðslna skólagjalda til CLF og greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Af þessu má sjá að til þess að Alnæmisbörn geti haldið áfram að styrkja þær stúlkur til náms sem félagið er þegar að styrkja þarf að safna um 1.5 milljónum króna árið 2010 til þess að geta fjármagnað skólagöngu stúlkanna árið 2011.

Bréf til Rosette í CLF

Samþykkt að skrifa bréf til framkvæmdarstjóra CLF, Rosette, og tilkynna henni að vegna bágrar fjárhagslegrar stöðu félagsins sjái Alnæmisbörn sér ekki fært að greiða skólagjöld fyrir nýjar stúlkur á næsta ári, einungis þær sem félagið er þegar að styrkja. Eins og er styrkir félagið 23 stúlkur til náms og lítur út fyrir að tvær stúlkur séu að klára framhaldskóla í lok þessa árs og þrjár stúlkur í lok þess næsta. Viljum við fá staðfest frá Rosette að svo sé, reynist það rétt vill stjórn Alnæmisbarna kanna hvort CLF geti boðið þessum stúlkum upp á lán að námi loknu úr smálánasjóði CLF. Stjórnin óskar eftir því að vita nánar um stöðu þessarar stúlkna því séu þær að ljúka námi gæti það haft áhrif á framlag Alnæmisbarna á næsta ári til lækkunar. Félagið óskar jafnframt eftir því að fá að fylgjast áfram með þessum stúlkum, ekki hvað síst ef þeim langar í áframhaldandi nám t.d. háskólanám, til að geta aðstoðað þær til slíks náms, vænkist hagur félagsins aftur.

Auk þess vill Alnæmisbörn biðja Rosette um að senda reikning til Alnæmisbarna áður en kemur að greiðslum í upphafi hverrar annar.

Fjáröflun

Stjórn Alnæmisbarna er búin að fá leyfi til að vera í Kringlunni með sölubás laugardaginn 5. desember. Ásdís er einnig búin að fá samþykki fyrir því að baka rúgbrauð í leikskólanum hennar. Þurfum að hittast þar og pakka þeim inn áður en opnar í Kringlunni kl.10. Einnig er stefnt að því að selja tertur, kerti og bastkörfur sem stúlkurnar í CLF bjuggu til og hvetja sem flesta félagsmenn til að taka þátt í þessum degi.

Ákveðið að kanna hvort Samorka, Frostmark og jafnvel Orkuveitan geti styrkt félagið eitthvað.

Jafnframt athuga hvort hægt sé að fá framhaldsskólanemendur eða börn í grunnskólum til að safna fyrir stúlkurnar í CLF.

Hildur heldur fræðslu um CLF og Alnæmisbörn í Soroptimistafélaginu í Kópavogi þann 12. október.

Félagsgjöldin

Ingibjörg ætlar að biðja með að minna félaga Alnæmisbarna á að greiða félagsgjöldin þar til í byrjun næsta árs því flestir eru búnir að greiða gjaldið í ár. Allflestir hafa greitt kr. 2000,- eða kr. 2.500,- en á

síðasta aðalfundi var ákveðið að hækka gjaldið í kr. 3000,- en það gleymdist að tilkynna félögsmönnum það. Í dag eru í Alnæmisbörnum 78 félagar sem greiða félagsgjöld og 32 styrktarfélagar sem greiða mánaðarlega.

Aðrar styrkveitingar

Styrkveitingin frá Reykjavík Geothermal fyrir mánuðina september og október 2009 hefur ekki ennþá borist Alnæmisbörnum. Verður bráðlega bætt úr því og greitt upp í rekstur CLF fyrir báða þessa mánuði.

Ingibjörg ætlar að hafa samband við Soroptimistafélagið Emblu og kanna með greiðslur fyrir barnapössunina árið 2009, en það félag hefur greitt barnapössunina á undanförunum árum.

Heimasíðan

Lárus, Hildur og Ingibjörg hafa nú sótt námskeið varðandi heimasíðu Alnæmisbarna svo nú geta Lárus og Hildur uppfært og bætt við upplýsingum á síðuna bæði fyrir Alnæmisbörn og CLF.

Önnur mál

Lagt var til að búa til kynnisblað með upplýsingum um CLF og Alnæmisbörn og skráningarblað þar sem fólk getur skráð sig í félagið með nafni, kt. og netfangi. Hægt væri að nota það á kynnisfundum, við fjáraflanir t.d. í Kringlunni og í Kolaportinu og á vinnustöðum.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar